



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 9/2019

Reykjavík, 11. júní 2019

Ákvörðun um bann við markaðssetningu og notkun þrýstibúnaðar.

I.

Málavextir

The Brothers Brewery ehf., kt. 461216-1100, flutti inn bruggunarkúta frá aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og notar þá við framleiðslu á bjór. Umræddur þrýstibúnaður var hannaður til að vinna á allt að 2,0 bara þrýstingi. Allur búnaður sem vinnur á þrýstingi yfir 0,5 börum þarf að uppfylla kröfur reglugerðar um þrýstibúnað nr. 1022/2017 eða reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað ef búnaðurinn var fluttur inn og tekin í notkun fyrir 27. nóvember 2017.

Með bréfi, dags. 27. mars 2018, óskaði Vinnueftirlit ríkisins eftir EB/ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir þann búnað til bjórframleiðslu sem The Brothers Brewery ehf. hafði flutt inn eða keypt af aðila utan EES.

Þann 17. apríl 2018 barst Vinnueftirliti ríkisins gögn frá The Brothers Brewery ehf. Þau gögn sem bárust Vinnueftirliti ríkisins voru ekki samræmismatsyfirlýsingar þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði reglugerðar eða reglna um þrýstibúnað. Skortir m.a. staðfestingu/vottorð samræmismatsstofu (tilkynnts aðila) á því að búnaðurinn uppfylli þær kröfur sem fram koma í reglugerð um þrýstibúnað nr. 1022/2017 eða reglum nr. 571/2000 um þrýstibúnað, eftir því sem við á, m.a. að þeir þoli vinnuþrýsting upp á 2,0 bör.

Með bréfi, dags. 12. júní 2018, sem Vinnueftirlit ríkisins sendi The Brothers Brewery ehf., var fyrirtækinu veittur frestur til úrbóta og/eða andmæla áður en ákvörðun um bann við markaðssetningu og notkun búnaðar til bjórframleiðslu yrði tekin. Í kjölfar þessa bréfs óskaði fyrirtækið ásamt öðrum bjórframleiðendum eftir fundi með Vinnueftirliti ríkisins. Var fundur

haldinn 1. ágúst 2018 og mættu þar fh. The Brothers Brewery ehf., lögmaður þeirra ásamt fulltrúum fleiri bjórframleiðenda sem höfðu fengið sambærilegt bréf frá stofnuninni. Kom fram hjá bjórframleiðendum að Ente Certificazione Macchine Srl frá Ítalíu (hér eftir ENTE) væri sú samræmismatsstofa (tilkynntur aðili) sem tekið hafði út þrýstibúnaðinn. Fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins bentu á að yfirlýsingarnar fyrir búnaðinn kvæðu ekki á um að ENTE hefði tekið út búnaðinn sem samræmismatsstofa (tilkynntur aðili) þar sem í yfirlýsingunni væri fyrirvari um að það sé á ábyrgð framleiðanda að CE-merkja vöruna og fara réttilega í gegnum það ferli í samræmi við þrýstibúnaðartilskipunarinnar (2014/68/ESB). ENTE hefði því einungis farið yfir tækniskjölin og vottað að þau væri til staðar (verified on a voluntary basis). Fulltrúar bjórframleiðanda bentu einnig á að búnaðurinn væri framleiddur fyrir gildistöku reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað og að ákvæði reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað gildi því um hann. Fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins bentu á að skv. öllum gögnum sem stofnunin hefði fengið frá bjórframleiðendum um búnaðinn væri vísað í tilskipun 2014/68/ESB sem reglugerð nr. 1022/2017 byggir á. Fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins samþykktu samt að við meðferð málsins yrði tekið tillit til bæði ákvæða reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað og reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað, enda er enginn munur á þeim efnislegu kröfum til öryggis þrýstibúnaðar sem reglugerðin og reglurnar gera. Fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins leiðbeindu svo fulltrúum bjórframleiðanda hvernig samræmismatsferlið virkaði og hvernig vara væri CE merkt, einnig leiðbeindu þeir um það hvernig umræddur þrýstibúnaður til bjórframleiðslu virkaði og í hvaða flokkun hann fellur skv. viðkomandi reglugerð eða reglum.

Í kjölfar á framangreindum fundi óskað Vinnueftirlit ríkisins eftir tækniskjölum fyrir þrýstibúnaðinn til bjórframleiðslu sem fyrirtækið hafði flutt inn eða keypt af aðila utan EES með bréfi, dags. 31. ágúst 2018, á grundvelli VII. viðauka reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað. Enginn tækniskjöl bærust, hins vegar barst frá lögmanni The Brothers Brewery ehf. yfirlýsing sem bar með sér að hún væri EB/ESB samræmisyfirlýsing. Þar var nafn og heimilisfang samræmismatsstofunnar (tilkynnts aðila) ENTE sett í yfirskrift yfirlýsingarinnar, þannig að ætla mátti að sá aðili hafi gert samræmismat í samræmi við viðeigandi þrýstibúnaðartilskipun (2014/68/ESB). Einnig kom fram í yfirlýsingunni að ENTE gæti látið markaðseftirlitsstjórnvöldum á EES/ESB í té tækniskjöl. Vinnueftirlit ríkisins kallaði eftir því hvort umrædd samræmismatsstofa (tilkynntur aðili) kannaðist við umrædda EB/ESB samræmisyfirlýsingu. Svar frá ENTE barst Vinnueftirliti ríkisins þann 14. febrúar sl., en þar kom fram að fyrirtækið kannaðist ekkert við að hafa gert samræmismat á umræddum búnaði og töldu þeir yfirlýsinguna vera falsaða. Í þessu svari kom líka fram að aðrar þær yfirlýsingar sem ENTE hefði látið kínverska framleiðandanum í té væru ekki mat á því hvor þrýstibúnaðurinn væri í samræmi við viðeigandi tilskipun, heldur hafi þeir einungis farið yfir tækniskjölin og vottað að þau væri til staðar (verified on a voluntary basis).

Með bréfi, dags. 22. mars sl., sem Vinnueftirlit ríkisins sendi The Brothers Brewery ehf., var fyrirtækinu aftur veittur frestur til úrbóta og/eða andmæla áður en ákvörðun um bann við markaðssetningu og notkun búnaðar til bjórframleiðslu yrði tekin. Fram kom í bréfinu samskipti Vinnueftirlits ríkisins við ENTE sem leiddi til þess að framangreind yfirlýsing sem fyrirtækið

lagði fram var ekki talinn gild EB/ESB samræmismatsyfirlýsing. Lögmaður The Brothers Brewery ehf. svaraði framangreindu bréfi Vinnueftirlits ríkisins með bréfi dags. 9. apríl sl. Þar kemur m.a. fram að sú krafa Vinnueftirlits ríkisins að umbjóðendur hans leggi fram samræmismatslýsingar byggir á því að þrýstibúnaður falli undir flokkinn A3. Síðan kemur fram að svo sé ekki rétt, því „...í lýsingu framleiðanda kemur fram að búnaðurinn falli undir A2 sem miðar við flokkun skv. rgj. 1022/2017 sem er sama og A1 skv. reglugerð 571/2000. Í lýsingu framleiðanda kemur fram að búnaðurinn falli undir A2 sem miðar við flokkun skv. rgj. 1022/2017 sem er sama og A1 skv. reglugerð 571/2000.” Síðan segir í bréfinu að “Á vef Evrópusambandsins um flokkun þrýstibúnaðar, þ.e. „Eucertification” er að finna reiknivél um flokkun þrýstibúnaðar, (Pressure Equipment Ped Category Calculator). Þegar þar eru slegnar inn staðreyndir um búnað umbjóðenda minna, m.a. um þrýsting 2,0 bör kemur afdráttarlaust í ljós að búnaðurinn er svokallaður SEP búnaður, þ.e. byggja/framleiða ber búnaðinn á grundvelli Sound Engineering Practice [SEP], sbr. meðfylgjandi útprentun af vef Evrópusambandsins.” Síðan segir, „Vegna þessa hafa umbjóðendur mínir leitað ráðgjafar hjá BSI vottunarstofu sem taldi að um væri að ræða ranga flokkun hjá Vinnueftirlitinu og því þurfi ekki samræmistilkynningu tilkynnts aðila. Eru þeir tilbúnir til að taka út búnaðinn hjá umbjóðendum mínum.”.

Vinnueftirlit ríkisins kallaði eftir því hvort BSI á Íslandi kannaðist við framangreind ummæli lögmannsins með tölvupósti, dags. 15. apríl sl., þ.e. hvort staðhæfingar sem þar kæmu fram væru réttar. Svar barst Vinnueftirliti ríkisins, 2. maí sl., en þar kom fram að ýmsir bjórframleiðendur hefðu fundað með BSI á Íslandi en þeir hafi afþakkað vinnu samræmismatsstofunnar og hafi hún því ekki framkvæmd neina vinnu fyrir þá. Einnig kom fram að ekki væri rétt eftir þeim haft, þ.e. að þeir væri ekki ósammála mati Vinnueftirliti ríkisins um flokkun búnaðarins. Vinnueftirlit ríkisins sendi lögmanni The Brothers Brewery ehf. bréf, dags. 6. maí sl., þar sem honum var veittur kostur á að koma að sýnum sjónarmiðum og athugasemdum vegna framangreindra tölvupóstsamskipta stofnunarinnar við BSI á Íslandi og var honum veittur frestur til og með 13. maí sl. Í bréfi lögmanns The Brothers Brewery ehf., dags. 15. maí sl., kom fram að orð hans hefðu verið tekinn úr samhengi og að betra hefði verið að senda BSI á Íslandi allt bréf hans til að átta sig á samhengi þess sem sagt var, en að öðru leyti var sú röksemd ítrekuð að umræddur þrýstibúnaður þurfi ekki samræmismatsyfirlýsingu og ef Vinnueftirlit ríkisins fallist ekki á þá flokkun umbjóðenda hans á búnaðinum þá skuli stofnunin bera kostnað af staðfestingu frá BSI á Íslandi. Vinnueftirlit ríkisins sendi lögmanni tölvupóst, dags. 15. maí sl. þar sem bent var á að BSI á Íslandi hafi fengið afrit af bréfi lögmannsins í heild sinni og því hafi orð hans ekki verið tekin úr samhengi og honum veittur aukinn frestur til 21. maí nk. að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum áður en stofnun tæki ákvörðun í málinu. Sama dag og tölvupósturinn var sendur lögmanninum 15. maí sl. þá barst Vinnueftirliti ríkisins svar þar sem ítrekað var að umræddur þrýstibúnaður þurfi ekki samræmismatsyfirlýsingu og ef Vinnueftirlit ríkisins fallist ekki á þá flokkun umbjóðenda hans á búnaðinum þá beri stofnunin að bera kostnað af staðfestingu frá BSI á Íslandi. Einnig kom þar fram að lögmaðurinn taldi að Vinnueftirlit ríkisins þyrfti að „...rannsaka málið betur með því að fá óháðan úttektaraðila til að kanna bruggkúta umbj. minna og gera það á kostnað eftirlitsins.“.

Það er ekki rétt sem fram kemur í framangreindu bréfi lögmannsins, dags. 9. apríl sl., að þrýstibúnaðarinn falli undir flokk A2 eða A1, eftir atvikum. Einnig er það ekki rétt hjá þáð er ekki rétt sem fram kemur í framangreindu bréfi lögmannsins, dags. 9. apríl sl., að þrýstibúnaðarinn falli undir flokk A2 eða A1, eftir atvikum. Einnig er það ekki rétt hjá lögmanninum að Vinnueftirlit ríkisins telji að þrýstibúnaðurinn falli undir flokk A3. Hér er lögmaður að rugla saman aðferðareiningu, flokkun og undirflokkun þrýstibúnaðar skv. reglugerðar um þrýstibúnað nr. 1022/2017 og reglum nr. 571/2000 um þrýstibúnað, eftir því sem við á. Við samræmistat þrýstibúnaðar, þ.e. það ferli sem sýnir fram á hvort grunnkröfur reglugerðarinnar eða reglnanna um öryggi hafi verið uppfylltar, þarf í fyrsta lagi að skoða hvort um sé að ræða hylki, lögn eða annað, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 eða 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 571/2000, en skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 eða 2. mgr. 1. gr. reglna nr. 571/2000, eftir því sem við á, þá er umræddur þrýstibúnaður hylki. Í öðru lagi þarf svo að ákvarða hvaða efni á að vera í hylkinu. Þar sem gerjun á sér stað í bruggunarkútunum við bruggun sem myndar gös þá verður að gera ráð fyrir því að gas verði í umræddum þrýstibúnaði, en slíkt efni fellur undir flokk 2, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 eða 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 571/2000. Í þriðja lagi þarf svo að ákvarða hvaða samræmistatstafla í viðauka II í reglugerð nr. 1022/2017 eða skýringarmynd í viðauka II í reglum nr. 571/2000 á við um umræddan þrýstibúnað. Þar sem um er að ræða hylki með gasi í flokki 2 á samræmistatstafla 2 við umræddan búnað skv. öðrum undirlið í a. lið 1-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 eða skýringarmynd 2 skv. öðrum undirlið í a. lið í lið 1.1, 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 571/2000. Í fjórða lagi þarf svo að finna hvaða undirflokk umræddur búnaður fellur í skv. samræmistatstöflunni (skýringarmyndinni) og síðan velja samræmistatsaðferð til hönnunar og framleiðslu búnaðarins. Umræddur þrýstibúnaður The Brothers Brewery ehf. fellur í undirflokk II og III þar sem hylkin eru annars vegar 500L og hins vegar 1000L, vinna á þrýstingi allt að 2,0 börum og innihalda gas. Það rétta er því að Vinnueftirlit ríkisins telur að bruggunarkútar fyrirtækisins falli í undirflokka II og III. Ef þrýstibúnaður fellur í undirflokk II þá hefur framleiðandi búnaðarins val milli aðferðareiningar A1 (A2 í reglugerð nr. 1022/2017), D1 og E1 en ef þrýstibúnaður fellur í undirflokk III þá hefur framleiðandi búnaðarins val milli aðferðareiningar B1+D, B1+F, B+E, B+C1 og H skv. reglum nr. 571/2000 eða B(des) + D, B(des) + F, B(prod) + E, B(prod) + C2, H skv. reglugerð nr. 1022/2017 til þess að gera samræmistatið, sbr. 1 lið í viðauka II við reglugerð nr. 1022/2017 og reglna nr. 571/2000, eftir því sem við á. Samkvæmt öllum þessum aðferðareiningum þarf að liggja fyrir samræmisýfirlýsing þar sem m.a. er getið hvaða samræmistatsstofa (tilkynntur aðili) tók út framleiðsluferli búnaðarins. Öryggislokar, sem er fylgibúnaður bruggunarkútanna, falla hins vegar alltaf í undirflokk IV, sbr. 2 lið viðauka II í reglugerð nr. 1022/2017 og reglum nr. 571/2000.

Það er heldur ekki rétt sem fram kemur í framangreindu bréfi lögmannsins, dags. 9. apríl sl., að umrædd reiknivél sýni að þrýstibúnaðurinn sé SEP búnaður ef réttar forsendur eru setta inn í reiknivélina. Skv. viðhengi við ofangreint bréf lögmannsins koma fram niðurstöður útreikninganna skv. reiknivélinni og þar kemur fram að settar hafa verið vitlausar forsendur í reiknivélina. Ekki er hakað við gastegundir í reiknivélinni og því fæst sú niðurstaða sem lögmaður vísar til. Það rétta er að við gerjun myndast gastegundir og því verður að haka við gas/lofttegundir í reiknivélinni til að komast að því í hvaða undirflokk bruggunarkútarnir falla. Ef settar eru réttar forsendur í reiknivélina, þ.e. að um sé að ræða hylki sem eru annars vegar 500L og hins vegar

1000L, vinna á þrýstingi allt að 2,0 börum og innihalda gas, þá koma allt aðrar niðurstöður fram, þ.e. að um sé að ræða þrýstibúnað er fellur í undirflokk II og III. Sú niðurstaða er einnig í samræmi við lið 2.10 í leiðbeiningum ESB (Guidelines) 2/10 og B/10. En eins og að frama greinir, þá þarf að liggja fyrir samræmisýfirlýsing þar sem getið er m.a. hvaða samræmismatsstofa (tilkynntur aðili) tók út framleiðsluferli búnaðarins þegar þrýstibúnaður fellur í undirflokk II og III.

II.

Niðurstaða

Bruggunarkútar af tegundinni 500L FERMENTATION TANK og 1000L FERMENTATION TANK sem The Brothers Brewery ehf. keypti af aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og flutti inn til landsins fellur undir reglugerð nr. 1022/2017 um þrýstibúnað eða reglur nr. 571/2000 um þrýstibúnað ef búnaðurinn var fluttur inn og tekin í notkun fyrir 27. nóvember 2017. Fyrirtækið telst annað hvort framleiðandi búnaðarins í skilningi þeirra aðferðareininga sem eiga við um búnaðinn skv. viðauka III. í reglum nr. 571/2000, sbr. einnig 1. mgr. 4. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. breytingarlög nr. 68/2004, eða innflytjandi í skilningi reglugerðar nr. 1022/2017 þar sem fyrirtækið flutti búnaðinn sjálf inn til landsins frá landi utan EES, sbr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað skal framleiðandi þrýstibúnaðar láta fara fram samræmistat á hverri einingu hans samkvæmt einni aðferðanna (aðferðareiningu) við samræmistat, sem er lýst í III. viðauka, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í þeirri grein, áður en þrýstibúnaður er settur á markað. Samkvæmt III. viðauka reglnanna skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES m.a. festa CE merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu skv. þeim aðgerðareiningum sem á við umræddan þrýstibúnað. Enn fremur segir í viðauka III reglnanna að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skuli geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni með tækniskjölunum skv. þeim aðgerðareiningum sem á við umræddan þrýstibúnað. Síðan segir að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skuli geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt. Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan EES, hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur þrýstibúnaðinn á markað innan EES skv. þeim aðferðareiningum sem á við umræddan þrýstibúnað í viðauka III.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað skal framleiðandi tryggja að þrýstibúnaður eða samsetning hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við grunnkröfur um öryggi skv. I. viðauka. Skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar skal framleiðandi þrýstibúnaðar eða samsetningar skv. 1.-3. mgr. 6. gr. annast gerð tæknigagna skv. III. viðauka og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 16. gr., eða sjá til þess að hún sé framkvæmd. Ef sýnt hefur

verið fram á að þrýstibúnaður eða samsetning skv. 1.-3. mgr. 6. gr. uppfyllir viðeigandi kröfur með samræmismatsaðferð, skal framleiðandi gera ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.

Samkvæmt 1.-3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað skal innflytjandi aðeins setja þrýstibúnað eða samsetningu á markað sem fullnægir ákvæðum reglugerðar þessarar. Áður en þrýstibúnaður eða samsetning skv. 1.-3. mgr. 6. gr. er sett á markað skal innflytjandi ganga úr skugga um að framleiðandi hafi unnið samræmismat með viðeigandi aðferð, sbr. 16. gr. Hann skal jafnframt ganga úr skugga um að framleiðandinn hafi annast gerð tæknigagna og uppfylli kröfurnar skv. 7. og 8. mgr. 8. gr. ásamt því að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin beri CE-merki og fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál í samræmi við lið 3.3 og 3.4 í I. viðauka. Áður en þrýstibúnaður eða samsetning skv. 4. mgr. 6. gr. er sett á markað skal innflytjandi ganga úr skugga um að framleiðandi hafi annast gerð tæknigagna og uppfylli kröfurnar skv. 7. og 8. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar ásamt því að þrýstibúnaði eða samsetningu fylgi fullnægjandi notkunarleiðbeiningar. Skv. 11. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar skal innflytjandi varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að þrýstibúnaður eða samsetning hefur verið sett á markað og hafa hana tiltæka fyrir Vinnueftirlit ríkisins og tryggja að það geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

EB/ESB samræmisyfirlýsingar fyrir þrýstibúnað skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði, sbr. VII viðauka reglna nr. 571/2000 (sjá einnig fyrirmynd skv. IV viðauka reglugerðar nr. 1022/2017¹):

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES,
- lýsing á þrýstibúnaðinum eða samsetningunni,
- **hvaða aðferð var beitt við samræmismatið,**
- sé um að ræða samsetningar, lýsing á þrýstibúnaðinum sem samsetningin er gerð úr og hvaða aðferðum var beitt við samræmismatið,
- **þar sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem annaðist skoðun,**
- þar sem við á, vísun til EB-gerðarprófunarvottorðsins, EB-hönnunarprófunarvottorðsins eða EB-samræmisvottorðsins,
- þar sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem annast eftirlit með gæðatryggingarkerfi framleiðandans,
- þar sem við á, vísanir til samræmdu staðlanna sem er beitt,
- þar sem við á, aðrir tæknilegir staðlar og forskriftir sem er beitt,
- þar sem við á, vísanir til annarra reglna sem er beitt,
- upplýsingar um undirritunaraðila sem eru til þess bærir að undirrita lagalega bindandi yfirlýsingu fyrir framleiðandann eða viðurkenndan fulltrúa hans með staðfestu innan EES.

¹ Viðaukar við reglugerð um þrýstibúnað nr. 1022/2017 eru birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 15. október 2015, bls. 844-939, sbr. 2. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar.

Þær yfirlýsingar og gögn er The Brothers Brewery ehf. hefur lagt fram sýna ekki fram á að samræmismatsstofa (tilkynntur aðili) hafi gert samræmismat á umræddum þrýstibúnaði í samræmi við kröfur reglugerðar um þrýstibúnað nr. 1022/2017 eða reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað þar um. Yfirlýsingarnar og gögnin sýna heldur ekki fram á það hvaða aðferð var beitt við samræmismatið.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, kemur fram að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottanir, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru skv. framangreindum lögum og sérreglum settum á grundvelli þeirra.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað, er einungis heimilt að gera aðgengilegt á markaði eða taka í notkun héraðs þrýstibúnað eða samsetningu sem fullnægir ákvæðum reglugerðar þessarar þegar þrýstibúnaður eða samsetning er sett upp, haldið við og notuð í fyrirhuguðum tilgangi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. gr. reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

Vinnueftirlit ríkisins sendi beiðni um EB/ESB-samræmisyfirlýsingar til The Brothers Brewery ehf. í mars árið 2018 til að ganga úr skugga um á að þrýstibúnaðurinn væri í samræmi við grunnkröfur um öryggi í I. viðauka reglna nr. 571/2000 um þrýstibúnað eða reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað, eftir því sem við á. Síðan óskaði Vinnueftirlit ríkisins í ágúst 2018 eftir tækniskjölum fyrir þrýstibúnaðinn frá fyrirtækinu til að ganga úr skugga um á að þrýstibúnaðurinn væri í samræmi við grunnkröfur um öryggi í I. viðauka reglna nr. 571/2000 eða reglugerðar nr. 1022/2017, eftir því sem við á. Vinnueftirliti ríkisins hefur ekki borist EB/ESB samræmisyfirlýsing fyrir búnaðinn né heldur hefur fyrirtækið getað afhent stofnuninni tækniskjöl fyrir búnaðinn þrátt fyrir að fyrirtækinu hafi verið veittur langur frestur til að afhenda framangreind gögn. The Brothers Brewery ehf. hefur því ekki sýnt fram á að umræddur búnaður sé í samræmi við grunnkröfur um öryggi skv. viðauka I í reglum nr. 571/2000 um þrýstibúnað og reglugerðar nr. 1022/2017 um þrýstibúnað, ef við á.

The Brothers Brewery ehf. hefur einnig verið veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum sem er á búnaðinum án þess að það hefur verið gert. Fyrirtækið hefur haldið því fram að það væri Vinnueftirliti ríkisins að fá óháðan útektaraðila til að kanna hvort umræddur þrýstibúnaður væri öruggur og að stofnunin ætti að bera kostnað af því. Eins og fram hefur komið hér að framan þá

er það skylda framleiðanda eða innflytjanda að tryggja að þrýstibúnaður sé í samræmi við lög og reglur áður en hann er settur á markað eða tekin í notkun hér á landi. Vinnueftirlit ríkisins er aftur á móti ætlað að hafa eftirlit með því að framangreindir aðilar uppfylli þær skyldur sem lög og reglur kveða á um, sbr. a. lið 75. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Það að framleiðandi eða innflytjandi, eftir því sem við á, geti ekki sýnt fram á að þrýstibúnaður, sem vinnur á þrýstingi allt að 2,0 börum, hafi verið skoðaður af samræmismatsstofu (tilkynntum aðila) og staðist samræmismat þýðir að mögulega er veruleg hættu á ferð fyrir líf og heilbrigði starfsmanna og annarra af búnaðinum. Ef slíkur þrýstibúnaður þolir ekki þann þrýsting sem um ræðir mun hann springa með ófyrirséðum afleiðingum, af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að hægt sé að sýna fram á að búnaðurinn þoli þann þrýsting sem um ræðir. Ef ekki er hægt að sýna fram á að framangreindur þrýstibúnaður sé öruggur getur Vinnueftirlit ríkisins ekki annað en litið svo á að verulega hættu sé fyrir hendi fyrir starfsmenn og aðra þá sem staðsettir eru nálægt slíkum búnaði hverju sinni.

III.

Ákvörðunarorð

Með vísan til 1. mgr. 48. gr. a og 85. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, bannar Vinnueftirlit ríkisins markaðssetningu á bruggunarkútum og notkun bruggunarkúta á þrýstingi yfir 0,5 bör, í eigu The Brothers Brewery ehf. af tegundinni 500L FERMENTATION TANK og 1000L FERMENTATION TANK auk öryggisloka sem fylgja bruggunarkútunum sem framleiddir voru af JINAN SHUN LONG MACHINERY CO., LTD í Kína.

Virðingarfyllt,
f.h. Vinnueftirlit ríkisins